

Stjórnarfundur FEB nr. 468 miðvikudaginn 9. febrúar 2022 kl. 13.30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík.

Mættir aðalmenn; Ingibjörg Sverrisdóttir, Kári Jónasson, Geir A. Guðsteinsson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson og Viðar Eggertsson.

Mættir varamenn; Kolbrún Stefánsdóttir og Finnur Birgisson.

Auk þess sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Fjarverandi aðalmaður Sigurbjörg Gísladóttir og varamaður Halldór Frímansson.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar 18. janúar 2022 samþykkt.
2. Aðalfundur verður 8. mars 2022 kl. 13:30. Fundurinn verður haldinn í félagsheimili FEB Ásgarði í Stangarhyl 4.

Uppstillingarnefnd skipa:

- Brynjólfur Helgason
- Gunnhildur Hrólfsdóttir
- Sjöfn Ingólfssdóttir.

Kjörnefnd skipa:

- Þorbjörn Guðmundsson
- Jóhanna Ragnarsdóttir
- Jóhann G. Ásgrímsson.

3. Unnið er að siðareglum FEB og hefur Kári Jónasson tekið að sér að stýra því máli í samvinnu við aðra fulltrúa FEB og ráðgjafa í þeim efnum.
4. Afsláttarbókin tekin fyrir og því vék stjórnarmaður Viðar Eggertsson, sem er starfsmaður LEB, af fundi.
Á nýju ári ákvað LEB að endurnýja ekki samning við FEB er varðar vinnu við útgáfu Afsláttarbókarinnar, en það kom starfsmönnum og stjórn FEB verulega á óvart. Stjórnin fól því formanni FEB að ræða við LEB um áframhaldandi samstarf um útgáfu afsláttarbókarinnar.
5. Skákfélagið Æsir. FEB hefur í þrígang þurft að fella niður viðburði skákfélagsins nú á vorönn vegna annarra viðburða félagsins, sem vakið hefur ónægju klúbbfélaga. Ljóst er að það sama hefur átt við og á við, um aðra starfsemi /klúbba ef þurfa þykir, þó ávalt sé reynt að koma í veg fyrir slíkar tilfæringar.

6. Kynnt staða á útgáfu Félagstíðinda sem mun koma út með fjölbreyttu og áhugaverðu efni skömmu eftir aðalfund í marsmánuði. Söfnun efnis og auglýsinga gengur samkvæmt áætlun.
7. Rætt um kröfur og óskir sem kynntar verða flokkum og frambjóðendum til sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík 14. maí 2022.
8. Kynntur stefnumótunarfundur Landssambands eldri borgara (LEB) sem haldinn var 8. feb.
9. Úthlutunarreglur LA. Þeim lið var frestað þar sem formaður fulltrúaráðs LA var fjarverandi. Í stað þess kynnti Ólafur Örn Ingólfsson stöðu framkvæmda við Vatnsholt 1 - 3. Stefnt er að afhendingu íbúðanna fyrir árslok þessa árs.
10. Önnur húsnæðismál eldri borgara rædd og staða þeirra mála í dag og hugmyndum velt upp sem verða skoðaðar nánar.
11. Stefnt er að fundi með borgarstjóra með fulltrúum stjórnar og framkvæmdastjóra FEB til að ræða ýmis samstarfsmál milli aðila.

Fundi slitið kl. 15:40.

Fundargerð ritaði

Geir A. Guðsteinsson

Ingibjörg El Svavilsd.
Ingibjörg Óskard.
Thomas Björgvin
Ólafur Einarsson

Ólafur Einarsson
Ólafur Einarsson
Ólafur Einarsson

Sit. Keldur Einarsson